

Fundargerð fundar foreldraráðs Akra

Fundartími: föstudagurinn 11.02.2022

Fundarstaður: Google meet

Fundarmenn: Daði Rúnar Pétursson, Hildur Edda Grétarsdóttir, Þóra Þorgeirsóttir og Ragnhildur Gunnlaugsdóttir (Agga, leikskólastjóri)

1. Húsnæði og aðbúnaður
 - a) Þarf að skoða rakavesen í fataklefanum á Móa og á eldri deildum. Nýlega búið að spyrja út í þetta en ekki komið svar.
2. Leikskólalóðin
 - a) Búið að biðja um lítinn geymsluskúr hjá yngri deildinni svo hægt sé að geyma dót þar. Einnig búið að biðja um eitthvað timburdót á pallinn hjá yngri deildinni, t.d. strætó.
3. Framkvæmdaáætlun
 - a) Agga var að fá sendan framkvæmdalista sem inniheldur ýmislegt viðhald.
4. Skólastefna Garðabæjar (bréf frá Eiríki).
 - a) Agga búin að senda ýmsa punkta varðandi skólastefnuna. Finnst t.d. vanta meira um stuðning og fræðslu fyrir foreldra. Vantar td. meiri stuðning varðandi forvarnir og samtöl um andlega líðan í skóla.
5. Önnur mál
 - a) Foreldraviðtöl verða í lok febrúar/ byrjun mars.
 - b) Uppfærsla á Karellen kom út 26 janúar.
 - c) Það hafa verið Covid smit á flestum deildum, aðallega hjá börnum en er að byrja hjá starfsmönnum líka. Flestir foreldrar láta vita en það er ekki gerð krafa um það.
 - d) Leikskólinn er fullmannaður og eru að koma inn 3 ný börn, eitt á Mýri og 2 á Lyng.
 - e) Það er að fara fram starfsmannakönnun
 - f) Agga er búin að vera með leikskólakönnun hjá elstu börnunum. Búið að vera mjög áhugavert. 80% barnanna segjast oft þurfa að sitja kyrr í leikskólanum sem er áhugavert. Spurning hvort það sé hægt að breyta einhverju á því sviði, t.d. með flæðandi kaffitímum.

Fundi slitið 13:00

Næsti fundur áætlaður í apríl 2022.